

# Ársskýrsla 2005

VINNSLUSTÖÐIN HF.

# Efnisyfirlit


Kennitölur . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 1
Stjórn og framkvæmdasstjórn . . . . . . . . . . . . . . . . 2
Stjórnunarhættir . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 3
Hlutdeildarfélög, sameiningar og fjárfestingar . . . . 3
Hlutabréf og hluthafar . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 4
Aðalfundur . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 4
Arðgreiðslustefna . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 4
Birtingadagatal . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 4
Ávarp stjórnarformanns . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 5
Starfsmenn, mannauður . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 7
Sigurbjörg hætti eftir hálfa öld í starfi . . . . . . . . . . 7
Starfsemin 2005
Vöxtur . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 8
Rekstrartekjur og afkoma . . . . . . . . . . . . . . . . 9
Aflabrögð og útgerð . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 10
Aflaheimildir . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 11
Skip Vinnslustöðvarinnar . . . . . . . . . . . . . . . . . 12
Fiskimjölsverksmiðja . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 13
Landvinnsla og framleiðsla . . . . . . . . . . . . . . . . 15
Ársreikningur . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 17
Áritun endurskoðenda . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 18
Skýrsla stjórnar . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 19
Rekstrarreikningur ársins 2005 . . . . . . . . . . . . . 20
Efnahagsreikningur . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 21
Sjóðstreymi ársins 2005 . . . . . . . . . . . . . . . . . . 23
Skýringar . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 24
Gunnlaugur Ólafsson . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 36



**Vinnslustöðin ehf.**

Hafnargötu 2 · Vestmannaeyjar

Sími 488 8000 · Fax 488 8001

vsv@vsv.is · www.vsv.is



Umsjón: Rut Haraldsdóttir og Athygli

Hönnun og umbrot: Athygli

Filmugerð: Litróf

Prentun: Prentsmiðjan Eyrún

Forsíðumynd: Brynjólfur Jónsson. Aðrar myndir: Sigurgeir Jónasson, Brynjólfur Jónsson og fleiri.



# Kennitölur

## Rekstraryfirlit síðastliðinna ára

| | 2005 | 2004 | 2003 | 2002 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | |
| Rekstrartekjur fiskvinnslu | 2.380.298.139 | 2.489.421.206 | 2.438.802.116 | 3.066.422.757 |
| Rekstrartekjur útgerðar | 1.837.182.542 | 1.826.621.605 | 1.836.461.366 | 1.782.675.439 |
| Afli til eigin vinnslu | (825.466.033) | (898.092.424) | (912.890.643) | (1.263.035.715) |
| Vörusala | 997.882.096 | 567.582.007 | 0 | 0 |
| Aðrar tekjur | 16.673.727 | 19.308.399 | 16.027.020 | 23.217.949 |
| | 4.406.570.471 | 4.004.840.793 | 3.378.399.859 | 3.609.280.430 |
| **Rekstrargjöld** | | | | |
| Rekstrargjöld fiskvinnslu | 1.920.525.606 | 1.936.294.961 | 2.071.286.559 | 2.494.044.822 |
| Rekstrargjöld útgerðar | 1.342.433.900 | 1.275.602.844 | 1.096.173.106 | 1.155.139.127 |
| Afli til eigin vinnslu | (825.466.033) | (898.092.424) | (912.890.643) | (1.263.035.715) |
| Kostnaðarverð seldra vara | 991.118.947 | 559.098.826 | 0 | 0 |
| Sameiginlegur kostnaður | 112.023.550 | 106.986.966 | 117.500.815 | 261.222.210 |
| | 3.540.635.970 | 2.979.891.173 | 2.372.069.837 | 2.647.370.444 |
| Hagnaður fyrir afskriftir | 865.934.501 | 1.024.949.620 | 1.006.330.022 | 961.909.986 |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | (360.240.376) | (392.391.218) | (542.105.420) | (494.943.949) |
| Rekstrarhagnaður (tap) | 505.694.125 | 632.558.402 | 464.224.602 | 466.966.037 |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | (291.760) | 0 | 0 | 0 |
| Fjármunatekjur og (gjöld) | 33.557.837 | 281.240.359 | 101.575.296 | 434.702.595 |
| Reiknaður tekjuskattur | (97.043.921) | (99.607.345) | 0 | 0 |
| Hagnaður (tap) | 441.916.281 | 814.191.416 | 565.799.898 | 901.668.632 |
| Veltufé frá rekstri | 818.278.827 | 849.579.075 | 1.125.468.570 | 1.015.731.721 |

## Úr rekstrarreikningi:

| | 2005 | 2004 | 2003 | 2002 |
|---|---|---|---|---|
| Hagnaður fyrir afskriftir / rekstrartekjur | 19,65% | 25,59% | 29,79% | 31,00% |
| Afkoma af reglulegri starfsemi fyrir skatta / rekstrartekjur | 10,03% | 20,33% | 7,38% | 24,98% |
| Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA) | 865.934.500 | 1.024.949.620 | 1.006.330.022 | 1.118.697.800 |
| Arðsemi eigin fjár | 18,47% | 35,91% | 12,52% | 55,03% |

## Úr efnahagsreikningi :

| | 2005 | 2004 | 2003 | 2002 |
|---|---|---|---|---|
| Veltufjárhlutfall – veltufjármunir/skammtímaskuldir | 0,96 | 1,93 | 1,5 | 1,32 |
| Eiginfjárhlutfall – eigið fé/heildarfjármagn | 27,40% | 31,10% | 24,58% | 28,63% |
| Innra virði hlutafjár – eigið fé/hlutafé | 1,52 | 1,60 | 1,29 | 1,25 |
| Hagnaður á hverja krónu nafnverðs hlutafjár (EPS) | 0,30 | 0,54 | 0,16 | 0,58 |

## Úr sjóðstreymi ársins :

| | 2005 | 2004 | 2003 | 2002 |
|---|---|---|---|---|
| a) Skuldaþekja handbærs fjár | 0,02 | 0,12 | 0,10 | 0,10 |
| b) Gæði sölunnar | 0,97 | 1,00 | 0,97 | 1,01 |
| c) Gæði afkomunnar | 1,32 | 1,23 | 3,68 | 0,52 |

**a) Handbært fé frá rekstri að frádregnum arðgreiðslum / heildarskuldir**

**b) Innborgaðar tekjur / bókfærðar tekjur**

**c) Handbært frá rekstri / afkoma**



## Stjórn Vinnslustöðvarinnar



**Gunnar Felixson, stjórnarformaður**
Kjörinn í stjórn VSV í maí 2004.
Menntun: stúdentspróf frá Verslunarskóla Íslands 1960.
Starfsferill: Hóf störf hjá Tryggingamiðstöðinni árið 1960, aðstoðarforstjóri 1976 og forstjóri frá 1991 til 2005.



**Aðalsteinn Ingólfsson**
Kjörinn í stjórn VSV í maí 2003.
Menntun: rekstrarfræðingur frá Bifröst.
Starf: framkvæmdastjóri Skinneyjar-Þinganess hf. frá 1993.



**Hjálmar Þór Kristjánsson**
Kjörinn í stjórn VSV í maí 2003.
Menntun: fiskiðnaðarmaður.
Aðalstarf: framkvæmdastjóri KG fiskverkunar.



**Haraldur Gíslason, varaformaður**
Kjörinn í stjórn VSV 1986.
Menntun: próf frá Verslunarskóla Íslands 1961.
Starf: sölustjóri.
Starfsferill: framkvæmdastjóri Heildverslunar Gísla Gíslasonar 1963-1973, skrifstofustjóri Fiskimjölsverksmiðjunnar frá 1969 og framkvæmdastjóri 1975-1992. Sölustjóri mjölsöludeildar Vinnslustöðvarinnar frá 1992.



**Leifur Ársæll Leifsson**
Kjörinn í stjórn í maí 2005.
Menntun: húsasmíðameistari.
Aðalstarf: húsasmíði.
Starfsferill: trésmíði hjá Smiði hf., Tréverki ehf., Ármannsfelli hf., Skipaviðgerðum og Steina og Olla ehf. Sjálfstætt starfandi smiður síðastliðin 15 ár; hefur einnig verið til sjós hjá Ísleifi sf. og Ísfélagi Vestmannaeyja.

**Varamenn í stjórn:**
Sigurjón Óskarsson,
Guðmundur Kristjánsson.

## Framkvæmdastjórn Vinnslustöðvarinnar







Frá vinstri:
**Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson,** framkvæmdastjóri.
**Stefán Friðriksson,** aðstoðarframkvæmdastjóri.
**Andrea Atladóttir,** fjármálastjóri.

Frá vinstri:
**Guðni Ingvar Guðnason,** útgerðarstjóri.
**Sigurður Friðbjörnsson,** verksmiðjustjóri.
**Sigurjón Gísli Jónsson,** framleiðslustjóri.









## Stjórnunarhættir

Stjórnunarhættir í Vinnslustöðinni hf. fylgja samþykktum félagsins og vinnureglum stjórnar. Fyrirtækinu er stjórnað af framkvæmdastjóra í umboði stjórnar félagsins og hluthafafundar. Hver hluthafi skal sæta reglum félagsins án sérstakrar íhlutunar.



*Huginn VE-55*

## Hlutdeildarfélög og fjárfestingar

Vinnslustöðin hf. á 45% hlutafjár í Stillu ehf. en Stilla á 25% hlutafjár í Vinnslustöðinni hf. Hagnaður Stillu ehf. á árinu 2005 var 116 milljónir króna sem samanstendur af arðgreiðslum og gengishagnaði erlendra lána. Stilla ehf. er ekki gerð upp með svokölluðu virðisrýrnunarprófi heldur er fjárfesting félagsins í Vinnslustöðinni hf. færð á kaupverði.

Vinnslustöðin hf. fjárfesti í 48% eignarhlut í Hugin ehf. í júní 2005 fyrir alls um 700 milljónir króna. Hlutdeild Vinnslustöðvarinnar hf. í afkomu Hugins ehf. frá 1. júlí 2005 var 290 þúsund krónur en hagnaður Hugins ehf. á árinu var 23 milljónir króna. Verðlækkun afurða og mikil birgðasöfnun höfðu mikil áhrif á afkomu Hugins ehf. á árinu 2005 auk þess sem styrking krónunnar hafði einnig veruleg áhrif. Huginn ehf. beitir sambærilegu birgðamati og Vinnslustöðin hf.

Þá keypti félagið uppsjávarskipið Gullberg VE ásamt öllum uppsjávarheimildum. Netabáturinn Brynjólfur ÁR var seldur úr landi og annað skip keypt í staðinn, Brynjólfur VE (áður Flatey ÞH). Nokkrar endurbætur voru gerðar á fiskimjölsverksmiðju félagsins á árinu. Keyptur var nýr sjóðari og pressa og lýsisskilvinda endurnýjuð. Einnig var settur upp nýr hráefnistankur.

Vinnslustöðin hf. átti 40% eignarhlut í Frostfiski ehf. á árinu 2004 en í janúar 2005 var allur eignarhlutur Vinnslustöðvarinnar hf. í félaginu seldur.







## Hlutabréf og hluthafar

Hlutabréf Vinnslustöðvarinnar eru skráð í Kauphöll Íslands, hlutabréfatákn: VNST. Gengi hlutabréfa í Vinnslustöðinni hf. í Kauphöll Íslands var í upphafi rekstrarársins skráð 3,95 en í lok rekstrarársins var það 4,20. Á tímabilinu var gengið lægst skráð 3,40 í janúarmánuði en hæst skráð 4,25 í október.

Hluthafar Vinnslustöðvarinnar hf. voru 426 í upphafi rekstrarársins en í lok þess voru þeir 408 og hafði því fækkað um 18 á árinu. Fjórir hluthafar reyndust eiga yfir 10% í félaginu í lok rekstrarársins: Stilla ehf. (25%), Vátryggingafélag Íslands (12,44%), Seil ehf. (11,92%) og Lífeyrissjóður Vestmannaeyja (10,28%). Tíu stærstu hluthafar í árslok 2005 voru:

| Kennitala | Nafn | Hlutafé | % |
|---|---|---|---|
| 620103-2920 | Stilla ehf. | 391.250.000 | 25,00 |
| 690689-2009 | VÍS hf. | 194.693.279 | 12,44 |
| 560103-3010 | Seil ehf. | 186.621.027 | 11,92 |
| 580572-0229 | Lífeyrissj. Vestmannaeyja | 160.865.631 | 10,28 |
| 100731-4019 | Leifur Ársælsson | 73.317.226 | 4,68 |
| 700269-3299 | Vinnslustöðin hf. | 69.084.519 | 4,41 |
| 540291-2259 | Landsbanki Íslands hf. | 62.600.000 | 4,00 |
| 411104-2730 | Línuskip ehf. | 45.692.254 | 2,92 |
| 681294-2369 | Smáey ehf. | 42.140.370 | 2,69 |
| 261147-3359 | Kristín Elín Gísladóttir | 41.925.124 | 2,68 |

## Aðalfundur

Aðalfundur skal haldinn í Vestmannaeyjum eigi síðar en í júnímánuði ár hvert. Samkvæmt samþykktum félagsins er boðað til fundarins á sama hátt og til annarra hluthafafunda með að minnsta kosti tveggja vikna fyrirvara. Niðurstöður aðalfundar eru sendar til Kauphallar Íslands strax að loknum fundi og eru aðgengilegar á heimasíðu fyrirtækisins eftir fundinn.

Ákveðið hefur verið að halda aðalfund félagsins fyrir árið 2005, föstudaginn 5. maí 2006.

## Arðgreiðslustefna

Síðastliðin ár hefur greiddur arður til hluthafa Vinnslustöðvarinnar hf. numið 20-30% af nafnverði. Stefna Vinnslustöðvarinnar hf. er að greiða hluthöfum árlegan arð en að sjálfsögðu verður að taka tillit til aðstæðna. Þannig treysti stjórn Vinnslustöðvarinnar hf. sér ekki til að leggja fram tillögu um arðgreiðslu í byrjun febrúar 2006 vegna óvissu um loðnuveiðar. Stjórn félagsins tók ákvörðun um greiðslu arðs 28. apríl. Samþykkt var að greiða út 65 milljónir króna að nafnvirði í hlutabréfum Vinnslustöðvarinnar hf. og 200 milljónir króna í peningum til hluthafa. Arðgreiðslan nemur 30,4% á nafnvirði hlutafjár ef miðað er við gengi á bréfum Vinnslustöðvarinnar 27. apríl 2006. Þetta var Kauphöll Íslands tilkynnt samdægurs.

### Birtingadagatal Vinnslustöðvarinnar hf.

| | |
|---|---|
| 1. ársfjórðungur 2006 | 5. maí 2006 |
| 2. ársfjórðungur 2006 | Vika 21.-25. ágúst 2006 |
| 3. ársfjórðungur 2006 | Vika 23.-27. október 2006 |
| Ársuppgjör 2006 | Vika 5.-9. febrúar 2007 |

### Þróun gengis í Vinnslustöðinni



# Ávarp stjórnarformanns

Ágætu hluthafar:

Árið 2005 var Vinnslustöðinni hf. erfitt fyrir margra hluta sakir. Fyrst ber þar að nefna gríðarlega styrkingu íslensku krónunnar á árinu sem kom að sjálfsögðu verulega við tekjumyndun félagsins. Þá er þess að geta að engin loðnuveiði var sumarið 2005 og kolmunnaveiði gekk afar illa. Allt þetta leiddi til þess að framlegð félagsins dróst saman frá fyrra ári. Þrátt fyrir erfiðar ytri aðstæður er rekstur félagsins traustur, hagnaður varð á árinu en hann byggðist að verulegu leyti á gengishagnaði. Efnahagur félagsins er traustur og þrátt fyrir erfiðan rekstur var sjóðstreymi þess gott.



*Gunnar Felixson*

Árið 2005 var tími mikilla umbreytinga hjá Vinnslustöðinni. Á sumarmánuðum keypti félagið 48% hlut í útgerðarfélaginu Hugin ehf. sem á og gerir út samnefnt uppsjávarfrystiskip. Þá keypti félagið uppsjávarskipið Gullberg VE-292 af Ufsabergi ehf. ásamt öllum uppsjávarheimildum. Kaupverðið var greitt með aflaheimildum í bolfiski auk peninga. Félagið hefur þannig vaxið verulega á uppsjávarsviðinu en minnkað á bolfisksviði. Þegar litið er til þriggja undanfarinna ára má segja að uppsjávarhluti félagsins hafi tvöfaldast og sé þar með orðinn hentug eining. Það verður verkefni stjórnenda félagsins að nýta þá möguleika, félaginu og hluthöfum til enn meiri virðisauka.

Heildarafli skipa félagsins á rekstrarárinu var 70.919 tonn samanborið við 68.514 þúsund tonn árið áður. Aflaverðmæti skipanna dróst saman um 5.5%. Rekstrartekjur landvinnsludeilda félagsins jukust um rúmlega 10% frá fyrra ári. Samtals voru framleidd 11.500 tonn af afurðum á rekstrarárinu samanborið við 9.500 tonn árið 2004.

Úthlutaðar veiðiheimildir Vinnslustöðvarinnar hf. á yfirstandandi fiskveiðiári, sem hófst 1. september 2005, námu 15.880 þorskígildistonnum og drógust saman um 10% frá fyrra fiskveiðiári eða um 1.692 þorskígildistonn.

Rekstrarskilyrði Vinnslustöðvarinnar hf., og þar með sjávarútvegsins yfirleitt, voru sem fyrr segir erfið árið 2005. Það er íhugunarefni að stjórnvöld eru ekki einungis sinnulítil um starfsskilyrði sjávarútvegsins heldur vinna á margan hátt gegn hagsmunum hans. Á sama tíma og rætt er um sérstakar skattaívilnanir vegna rannsókna og þróunar er lagður sérstakur skattur á sjávarútveginn svo skiptir hundruðum milljóna króna. Yfirvöld Evrópusambandsins ræða á hinn bóginn um hvernig styðja megi við bakið á útgerðarfyrirtækjum í ESB vegna hækkandi olíuverðs, svo sem með styrkjum til rannsókna sem miða að því að bæta olíunýtingu og gera veiðarfæri hagkvæmari. Okkar veruleiki er hins vegar sá að þurfa að beita íslensk stjórnvöld sérstökum þrýstingi til að senda skip til rannsókna á loðnustofninum, skip sem ríkinu var gefið til að sinna meðal annars slíkum rannsóknum! En á sama tíma og sjávarútvegurinn er skattlagður með sérstökum hætti, í þágu sáttar við þjóðina kýs ríkisstjórn okkar að leggja gríðarlega áherslu á uppbyggingu áliðnaðar með sölu raforku úr fallvötnum landsins. Lítið fer hins vegar fyrir umræðum um að skattleggja á sama hátt orkuna í fallvötnunum. Stóriðjuframkvæmdir hafa svo kallað viðbótarskatt yfir sjávarútveginn í formi hækkandi gengis íslenskrar krónu. Sú skattheimta leggst með miklum þunga á atvinnugreinina og um leið á fólkið í byggðum landsins sem allt sitt á undir útgerð og fiskvinnslu.

Í árslok 2006 verður Vinnslustöðin hf. sextíu ára. Stofnendur félagsins voru 105 útgerðarmenn í Vestmannaeyjum sem sameinuðust um rekstur fiskvinnslu til að bæta hag sinn og um leið Eyjanna. Allar götur síðan er saga félagsins samofin atvinnusögu Vestmannaeyja og um leið Íslandssögunni. Af því tilefni ákvað stjórn Vinnslustöðvarinnar hf. að styrkja Sigurgeir Jónasson, ljósmyndara í Vestmannaeyjum, til að skrá og setja á tölvutækt form myndir hans af náttúrulífi og atvinnusögu Vestmannaeyja. Myndirnar verða aðgengilegar öllum á Veraldarvefnum, til ánægju, upprifjunar á lífi og starfi síðustu áratuga í Eyjum og komandi kynslóðum til fróðleiks.

Stjórn Vinnslustöðvarinnar hf. er þeirrar skoðunar að félagið standi einnig á öðrum tímamótum en þeim sem mæld eru í árum. Félagið hefur á undanförnum árum einbeitt sér að veiðum og vinnslu sjávarafla, verið með öðrum orðum í hlutverki framleiðanda. Í því alþjóðlega umhverfi, sem við nú búum við með frjálsu flæði fjármagns og vinnuafls milli landa og alþjóðlegrar samkeppni um athygli neytenda, getur Vinnslustöðin ekki látið hjá líða að laga fyrirtækið að breyttu umhverfi heima og heiman. Það verður verkefni stjórnar og stjórnenda að skapa félaginu framtíðarsýn í takt við nýja tíma. Sú sýn verður vissulega byggð á þeim styrka grunni sem lagður hefur verið með löngum vinnudegi og oft við erfiðar aðstæður af öllu því góða fólki sem lagði hönd á plóg við uppbyggingu félagsins.

Vinnslustöðin hf. hefur í blíðu og stríðu verið með starfsfólki sínu og samfélagi. Framundan eru spennandi tímar og víst er að enginn fagnar sigri baráttulaust. Það þekkja Eyjamenn hvort heldur vísað er til sjósóknar, vertíðarvinnu eða íþrótta. Styrkur þeirra felst í krafti þeirra til að takast á við áskoranir í leik og starfi. Sem knattspyrnumaður þekkti ég vel baráttuþrek og sigurvilja Eyjamanna. Ég er satt best að segja feginn því að vera kominn í þeirra lið frekar en mæta þeim sem andstæðingi! Hjá Vinnslustöðinni hefur verið unnið frábært starf við erfiðar aðstæður á árinu 2005, hvort sem um er að ræða stjórnarmenn, stjórnendur eða starfsmenn félagsins. Ég færi þeim öllum bestu þakkir fyrir.



Gunnar Felixson



*Brynjólfur að veiðum.*





*Aldís Erlingsdóttir er á myndinni lengst til vinstri, Sara Sjöfn Grettisdóttir á efri miðmynd, Kristófer Tryggvason á neðri miðmynd og Sóley María Hafsteinsdóttir lengst til hægri.*

## Starfsmenn, mannauður

Starfsmenn Vinnslustöðvarinnar hf. voru að meðaltali 218 á rekstrarárinu. Heildarlaunagreiðslur félagsins námu 950 milljónum króna en voru 912 milljónir króna árið áður.

Mannaflaþörf félagsins er mjög misjöfn og sveiflast eftir afla og aflabrögðum. Þannig var heildarfjöldi starfsmanna í mars 2005 um 200 í landi og 98 á sjó. Alls komust 562 manns á launaskrá hjá félaginu á síðasta ári. Þrátt fyrir mikla sveiflu í fjölda starfsmanna býr Vinnslustöðin hf. að miklum stöðugleika í sjálfum kjarnahópi starfsmanna.

Í fyrirtækinu er starfrækt öflugt starfsmannafélag. Starfsemi þess var með hefbundnum hætti á árinu 2005 og gekk vel. Félagið stóð fyrir ýmsum ferðum og uppákomum á árinu. Þannig fóru um 80 starfsmenn til Benidorm á Spáni, einnig var farin óvissuferð og efnt til þorrablóts. Allar samkomur félagsins voru vel sóttar. Félagið sá einnig um árlegt jólakaffi sem Vinnslustöðin hf. býður starfsmönnum sínum og fjölskyldum þeirra til á hverju ári. Árshátíð Vinnslustöðvarinnar hf. var 7. maí. Hana sóttu um 230 manns og skemmtu sér vel.



### Sigurbjörg hætti eftir hálfa öld í starfi

Sigurbjörg Guðnadóttir - Systa - lét af störfum hjá Vinnslustöðinni hf. á síðasta ári. Hún vann óslitið hjá fyrirtækinu í 53 ár og man því sannarlega tímana tvenna! Vinnslustöðin hf. þakkar Systu tryggð og góð störf í þágu félagsins alla tíð.



# Starfsemin 2005 – vöxtur

Þrátt fyrir að þorskígildi séu ekki nákvæmur mælikvarði á stærð sjávarútvegsfélaga eru þau þrátt fyrir allt mælikvarði sem unnt er að miða við. Frá árinu 2000 hefur vöxtur Vinnslustöðvarinnar hf. verið verulegur eða um 59% mælt í þorskígildum. Á sama tíma hefur tekjuvöxtur félagsins einungis verið 6,1%. Þá hefur framlegð félagsins dregist saman um 2,1%.

Þetta sýnir glögglega þá erfiðleika sem sjávarútvegurinn hefur búið við. En þrátt fyrir að ávinningur hafi verið lítill af fjárfestingum undanfarinna ára má spyrja hver staðan væri án þessara fjárfestinga.

Vöxtur Vinnslustöðvarinnar hefur hin síðari ár verið fyrst og fremst á uppsjávarsviði. Þannig keypti félagið Gullberg VE ásamt öllum heimildum í uppsjávarfiski af Ufsabergi ehf. í Vestmannaeyjum og greiddi fyrir með 1.160 þorskígildum í bolfiski auk 390 milljóna króna í peningum. Þá keypti Vinnslustöðin hf. 48% hlutafjár í útgerðarfélaginu Hugin ehf., sem á og gerir út samnefnt uppsjávarfrystiskip. Það er trú stjórnenda félagsins að með kaupunum sé lagður grunnur að hagkvæmri einingu á sviði uppsjávarfiska, til hagræðingar og aukins ábata fyrir félagið.




**Súluriritið sýnir vöxt Vinnslustöðvarinnar hf. frá árinu 2000 mælt í þorskígildum.**





# Starfsemin 2005 – rekstrartekjur og afkoma

## Rekstrartekjur

Rekstur Vinnslustöðvarinnar hf. var viðunandi á rekstrarárinu 1. janúar - 31. desember 2005. Rekstrartekjur námu 4.389 milljónum króna og jukust um 404 milljónir króna frá árinu áður eða um 10%. Sú aukning skýrist eingöngu af auknum umsvifum í sölu á mjöli og lýsi frá öðrum framleiðendum. Rekstrartekjur útgerðar félagsins voru svipaðar og á fyrra ári en framlegð hennar dróst saman um 57 milljónir króna. Hækkun olíuverðs skýrir nær allar þessar breytingar frá fyrra ári. Rekstrartekjur landsvinnslu jukust um 320 milljónir króna frá fyrra ári og framlegð minnkaði um 96 milljónir króna.

Rekstrargjöld án fjármagnskostnaðar og afskrifta voru 3.540 milljónir króna og jukust um 560 milljónir króna frá árinu áður, sem er 19% hækkun frá fyrra ári. Endursala mjöls og lýsis skýrir þessa hækkun að mestu leyti líkt og tekjuaukninguna. Hagnaður fyrir afskriftir var 865 milljónir króna og dróst saman um 159 milljónir króna frá fyrra ári. Framlegðarhlutfall félagsins lækkaði frá fyrra ári úr 25,6% í 19,7%. Framlegðarhlutfall landvinnsludeilda, án sameiginlegs kostnaðar, dróst saman um 4,6% frá fyrra ári. Framlegðarhlutfall útgerðar, reiknað á sama hátt, dróst saman um u.þ.b. 3% frá árinu áður. Afskriftir námu 360 milljónum króna og lækkuðu um 32 milljónir króna frá árinu áður.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld voru jákvæð um 34 milljónir króna. Á síðastliðnu rekstrarári voru fjármunatekjur og fjármagnsgjöld jákvæð um 281 milljón króna.

Gengishagnaður var 254 milljónir króna en var 451 milljón króna á rekstrarárinu 2004.

## Afkoma

Hagnaður Vinnslustöðvarinnar hf. á rekstrarárinu 1. janúar-31. desember 2005 var 442 milljónir króna og dróst saman um 372 milljónir króna frá fyrra ári þegar hann var 814 milljónir króna.

Framlegð félagsins (EBIDTA) nam 866 milljónum króna og dróst saman um 159 milljónir eða um rúmlega 18% á milli ára. Samdráttur framlegðar félagsins er verulegt áhyggjuefni og er að langmestu leyti afleiðing ytri aðstæðna svo sem styrkingar íslenskrar krónu, aflabrests í loðnu og tregrar kolmunnaveiði. Afskriftir félagsins lækkuðu um rúmar 30 milljónir króna frá fyrra ári, sem endurspeglar hið mikla aðhald sem gætt hefur verið í fjárfestingum félagsins undanfarin ár. Þá hafði hlutdeild í Hugin ehf. óveruleg áhrif á rekstur félagsins á seinni hluta rekstrarársins.

Fjármagnsliðir félagsins voru jákvæðir um 34 milljónir króna sem var tæplega 250 milljónum krónum minna en árið áður. Samhliða skuldabréfaútboði sínu í apríl 2003 gerði félagið gjaldmiðlaskiptasamning sem skipti hinum innlendu skuldum ásamt vöxtum þeirra í erlenda gjaldmiðla. Í marsmánuði seldi félagið gjaldmiðlaskiptasamninginn með 170 milljón króna hagnaði. Á liðnu ári skipti félagið erlendum skuldum í verðtryggðar krónur og var gjaldmiðlaskiptasamningurinn með nokkru tapi í árslok 2005.

Að teknu tilliti til 97 milljóna króna skatta var hagnaður félagsins 442 milljónir króna.

### Hagnaður fyrir afskriftir




### Arðsemi eigin fjár




### Eiginfjárhlutfall





# Starfsemin 2005 – aflabrögð og útgerð

## Aflabrögð

Á liðnu rekstrarári var heildarafli skipa félagsins tæplega 71.000 tonn en var 68.514 tonn árið áður. Aukningin frá fyrra ári er því um 2.500 tonn.

Aflverðmætið var 1.495 milljónir króna en var 1.577 milljónir króna á fyrra ári, sem jafngildir 5,5% samdrætti.

Afla að verðmæti 825 milljónir króna var landað til eigin vinnslu en það svaraði til 45% af heildarafla-verðmæti skipanna. Til samanburðar nam verðmæti landaðs afla af eigin skipum 898 milljónum króna eða 57% af heildaraflaverðmæti á fyrra rekstrarári.

## Útgerð

Vinnslustöðin hf. gerði út eftirtalin skip á liðnu rekstrarári: netabátana Brynjólf ÁR-3, Kap VE-4 og Gandí VE-171, togbátinn Drangavík VE-80, togarann Jón Vídalín VE-82 og nótaskipin Ísleif VE-63 og Sighvat Bjarnason VE-81. Á árinu var netabáturinn Brynjólfur ÁR-3 seldur og í staðinn keyptur tog- og netabátur sem fékk sama nafn. Í ágúst var Gullberg VE-292 keypt og stundaði það síldveiðar í stað Ísleifs VE á haustdögum.

### Afli og aflaverðmæti skipa Vinnslustöðvarinnar hf.

| | 2005<br>Afli í tonnum | Verðmæti (mkr.) | 2004<br>Afli í tonnum | Verðmæti (mkr.) |
|---|---|---|---|---|
| Brynjólfur ÁR-3 | 729 | 95 | 979 | 118 |
| Brynjólfur VE-3 | 536 | 54 | | |
| Gandí VE-171 | 995 | 144 | 994 | 116 |
| Drangavík VE-80 | 2.766 | 308 | 3.060 | 334 |
| Jón Vídalín ÁR-82 | 3.908 | 343 | 4.298 | 381 |
| Gullberg VE-292 | 3.531 | 45 | | |
| Ísleifur VE-63 | 20.867 | 160 | 25.023 | 228 |
| Kap VE-4 | 9.321 | 100 | 3.586 | 131 |
| Sighvatur Bjarnason VE-8 | 128.266 | 246 | 30.574 | 269 |
| **Alls** | **70.919** | **1.495** | **68.514** | **1.577** |





## Starfsemin 2005 – aflaheimildir

Bolfiskaflaheimildir félagsins á yfirstandandi fiskveiðiári, sem hófst 1. september 2005, eru 10.326 þorskígildistonn en voru 10.654 þorskígildistonn á fiskveiðiárinu 2004-2005. Aflaheimildir í uppsjávarfiski, rækju og humri eru 5.554 þorskígildistonn en voru 6.917 tonn á fiskveiðiárinu 2004-2005.

**Aflaheimildir Vinnslustöðvarinnar hf.**

| | 2005 - 2006 | | | 2004 - 2005 | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Þorsk- | %af | | Þorsk- | % af |
| **Bolfiskheimildir** | **Tonn** | **ígildi** | **úthlutun** | **Tonn** | **ígildi** | **úthlutun** |
| Þorskur | 3.643 | 3.643 | 2,3311% | 4.247 | 4.247 | 2,6204% |
| Ýsa | 2.382 | 1.786 | 2,8262% | 2.846 | 1.935 | 3,9365% |
| Ufsi | 3.516 | 1.301 | 5,3884% | 3.249 | 1.170 | 5,7050% |
| Karfi | 3.521 | 1.901 | 6,1769% | 3.800 | 1.786 | 6,6659% |
| Steinbítur | 79 | 54 | 0,7496% | 116 | 72 | 1,1524% |
| Úthafskarfi | 220 | 112 | 0,7686% | 265 | 119 | 0,7686% |
| Grálúða | 352 | 719 | 2,5538% | 350 | 575 | 2,5393% |
| Skarkoli | 186 | 240 | 4,0469% | 190 | 214 | 4,1230% |
| Sandkoli | 153 | 80 | 4,1609% | 191 | 94 | 4,1609% |
| Skrápflúra | 125 | 56 | 3,8951% | 179 | 79 | 3,8951% |
| Þykkvalúra | 57 | 88 | 3,4392% | 55 | 89 | 3,7382% |
| Langlúra | 78 | 49 | 3,5492% | 66 | 46 | 3,5749% |
| Langa | 199 | 110 | 4,9816% | 169 | 95 | 5,2939% |
| Keila | 37 | 13 | 1,1713% | 41 | 16 | 1,2983% |
| Skötuselur | 89 | 143 | 3,9721% | 54 | 85 | 2,9727% |
| NÍ-þorskur | 30 | 30 | 0,5171% | 32 | 32 | 0,5171% |
| **Bolfiskur alls** | **14.669** | **10.326** | | **15.851** | **10.654** | |
| | | | | | | |
| **Aðrar veiðiheimildir** | | | | | | |
| Humar | 87 | 558 | 15,6202% | 72 | 470 | 15,6202% |
| Rækja | 62 | 42 | 0,6235% | 48 | 33 | 0,2392% |
| Síld | 10.980 | 1.537 | 9,9818% | 10.980 | 988 | 9,9818% |
| Loðna | 19.888 | 1.193 | 10,2531% | 58.120 | 3.487 | 7,5367% |
| NÍ-síld | 10.484 | 1.573 | 6,8158% | 11.510 | 1.496 | 7,2987% |
| Kolmunni | 13.001 | 650 | 3,6869% | 8.867 | 443 | 2,5701% |
| **Aðrar veiðiheimildir alls** | **54.502** | **5.554** | | **89.597** | **6.917** | |
| | | | | | | |
| **Veiðiheimildir alls** | **69.171** | **15.880** | | **105.448** | **17.572** | |



# Starfsemin 2005 – skip Vinnslustöðvarinnar



*Sighvatur Bjarnason VE-81*



*Kap VE-4*



*Ísleifur VE-63*



*Gullberg VE-292*



*Jón Vídalín VE-82*



*Drangavík VE-80*



*Brynjólfur VE-3*



*Gandí VE-171*



## Starfsemin 2005 – fiskimjölsverksmiðja

Framleiðslutekjur fiskimjölsverksmiðju félagsins á árinu 2005 námu alls 655 milljónum króna en voru 742 milljónir króna á fyrra rekstrarári. Samdráttur frá fyrra ári er því 87 milljónir króna eða 11,7% og er þetta lækkun annað árið í röð. Mjöl- og lýsisverð hækkaði á síðari hluta rekstrarársins.

Aðkeypt hráefni á árinu 2005 var 63.571 tonn en var 62.084 tonn árið áður. Alls voru brædd 41.104 tonn af loðnu, 10.605 tonn af síld og 11.862 tonn af kolmunna. Aðkeypt hráefni til bræðslu á árinu 2005 var svipað og á árinu þar á undan en loðnubræðsla jókst um 11.000 tonn frá fyrra ári á meðan magn síldar og kolmunna minnkaði milli ára.

**Heildarframleiðsla fiskimjölsverksmiðjunnar**

| Hráefni | 2005 Tonn | 2004 Tonn | 2003 Tonn | 2002 Tonn |
|---|---|---|---|---|
| Loðna | 41.104 | 30.258 | 46.960 | 64.145 |
| Síld | 10.605 | 16.185 | 20.403 | 11.834 |
| Kolmunni | 11.862 | 15.641 | 17.200 | 7.844 |
| **Alls** | **63.571** | **62.084** | **84.563** | **83.823** |

| Afurðir | 2005 Tonn | 2004 Tonn | 2003 Tonn | 2002 Tonn |
|---|---|---|---|---|
| Fiskimjöl | 11.375 | 11.955 | 15.080 | 15.278 |
| Lýsi | 3.658 | 3.673 | 5.406 | 6.231 |



## Starfsemin 2005



Sigurður Ágústsson.



Halla Gunnarsdóttir, Helga Magnúsdóttir, Elísabet Ólafsdóttir.



Haukur Sigurðsson, Ólafur Björgvin Jóhannesson, Rúnar Einarsson, Sverrir Guðnason og Þorsteinn Guðjónsson.



Rúnar Einarsson.



Gunnar Friðberg Jóhannsson.



*Sólveig Adólfsdóttir og Guðrún Ólafsdóttir til vinstri og handan borðsins Arndís Pálsdóttir, Fanney Hallgrímsdóttir og Ólöf Hauksdóttir.*



# Starfsemin 2005 – landvinnsla og framleiðsla

### Heildarframleiðsla landvinnslu

| | 2005 | | 2004 | | 2003 | | 2002 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | **Tonn** | **Þús. kr.** | **Tonn** | **Þús. kr.** | **Tonn** | **Þús. kr.** | **Tonn** | **Þús. kr.** |
| Saltaðar afurðir | 929 | 270.770 | 857 | 345.385 | 1.222 | 480.000 | 1.890 | 679.000 |
| Landfrystar bolfiskafurðir | 994 | 299.945 | 1.205 | 399.973 | 1.130 | 353.000 | 1.580 | 585.000 |
| Frysting uppsjávarfiska | 9.265 | 851.157 | 7.238 | 715.368 | 4.707 | 374.000 | 3.989 | 317.000 |
| Humar | 235 | 204.512 | 230 | 182.842 | 143 | 147.000 | 148 | 167.000 |
| **Alls** | **11.423** | **1.626.384** | **9.530** | **1.643.568** | **7.202** | **1.354.000** | **7.607** | **1.748.000** |

### Framleiðsla

Framleiddar afurðir í landvinnslu Vinnslustöðvarinnar hf. voru rúm 11.000 tonn. Þar er um talsverða aukningu að ræða frá árinu 2004 en þá var framleiðslan um 9.500 tonn. Aukninguna má að mestu rekja til aukinnar loðnufrystingar fyrir Japansmarkað.

Samtals voru framleidd um 5.900 tonn af loðnu og loðnuhrognum en árið 2004 voru framleidd 3.400 tonn. Verð fyrir frysta loðnu á Japansmarkaði var sérstaklega gott árið 2005 og verð fyrir loðnuhrogn var einnig nokkuð gott þó verðlækkun hafi átt sér stað frá árinu 2004.

Á árinu voru framleidd tæp 4.000 tonn af síldarafurðum á móti 3.850 tonnum á árinu 2004. Verð á síldarafurðum var ágætt framan af síðasta ári en vegna mikillar framleiðslu, bæði hérlendis og í Noregi, lækkaði síldarverð þegar leið á vertíðina.

Á rekstrarárinu voru framleidd um 1.000 tonn af saltfiskafurðum á móti 850 tonnum árið 2004. Aukningin stafar af ufsaframleiðslu en minna var framleitt af þorski á síðasta ári en á árinu 2004. Framleidd voru um 950 tonn af ferskum og frystum þorsk-, karfa- og ufsaafurðum á síðasta ári og um 240 tonn af frystum humri.









# Ársreikningur 2005



*Vesna Manojlovic*

**Efnisyfirlit**


Áritun endurskoðenda. . . . . . . . . . . 18

Skýrsla stjórnar . . . . . . . . . . . . . . . . 19

Rekstrarreikningur . . . . . . . . . . . . . . 20

Efnahagsreikningur . . . . . . . . . . . . . 21

Yfirlit um sjóðstreymi. . . . . . . . . . . . 23

Skýringar . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 24



## Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa í Vinnslustöðinni hf.

Við höfum endurskoðað ársreikning Vinnslustöðvarinnar hf. fyrir árið 2005. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju á Íslandi en samkvæmt henni skal skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé í meginatriðum annmarkalaus. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2005, efnahag þess 31. desember 2005 og breytingu á handbæru fé á árinu 2005, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur á Íslandi.

Reykjavík, 9. febrúar 2006

**Deloitte hf.**

Þorvarður Gunnarsson
endurskoðandi

Sigurður Páll Hauksson
endurskoðandi



# Skýrsla stjórnar

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Vinnslustöðvarinnar hf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Hagnaður af rekstri félagsins á árinu var tæpar 442 milljónir króna. Arðgreiðslutillaga stjórnar félagsins hefur ekki verið ákveðin, en stjórnin vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Í lok ársins voru hluthafar í félaginu 408 en voru 426 í upphafi árs. Fjórir hluthafar eiga meira en 10% hlutafjárins en þeir eru Stilla ehf. með 25,00%, Vátryggingafélag Íslands hf. með 12,44%, Seil ehf. með 11,92% og Lífeyrissjóður Vestmannaeyja með 10,28%.

Stjórn Vinnslustöðvarinnar hf. leggur ríka áherslu á að viðhalda góðum stjórnunarháttum innan félagsins og hefur tekið tillit til leiðbeinandi tilmæla um stjórnunarhætti fyrirtækja sem gefin voru út af hálfu Kauphallar Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Verslunarráðs Íslands í mars 2004. Stjórnin hefur þó ekki séð ástæðu til að skipa endurskoðunarnefnd né starfskjaranefnd. Hefur stjórnin sett sér ítarlegar starfsreglur þar sem valdsvið stjórnar er skilgreint og verksvið hennar. Í þessum reglum eru meðal annars ákvæði um fundarsköp, hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, upplýsingargjöf framkvæmdastjóra, meðferð trúnaðarupplýsinga og fleira. Uppfylla reglur stjórnar fyrrgreind tilmæli og eru að sumu leyti ítarlegri en þar er kveðið á um.

Stjórn og framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2005 með undirritun sinni.

Reykjavík, 9. febrúar 2006

**Í stjórn**

Gunnar Felixson

Aðalsteinn Ingólfsson

Haraldur Gíslason

Hjálmar Kristjánsson

Leifur Leifsson

**Framkvæmdastjóri**

Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson



## Rekstrarreikningur ársins 2005

| | | | |
|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | | 4.389.896.744 | 3.985.532.394 |
| Aðrar tekjur | | 16.673.727 | 19.308.399 |
| Kostnaðarverð seldra afurða | | (2.380.064.360) | (1.884.234.489) |
| Laun og tengd gjöld | | (1.115.898.938) | (1.049.016.168) |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | (44.672.673) | (46.640.516) |
| Afskriftir | | (360.240.376) | (392.391.218) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 505.694.124 | 632.558.402 |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga | | (291.760) | 0 |
| Fjármunatekjur | | 276.065.231 | 520.817.736 |
| Fjármagnsgjöld | 1 , 21 | (242.507.394) | (239.577.378) |
| Hagnaður fyrir skatta | | 538.960.201 | 913.798.761 |
| Tekjuskattur | 10 | (97.043.921) | (99.607.345) |
| **Hagnaður** | | 441.916.280 | 814.191.416 |



# Efnahagsreikningur

| Eignir | Skýr. | 31.12.2005 | 31.12.2004 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 3,4 | 3.188.109.528 | 3.130.027.875 |
| Varanlegar fiskveiðiheimildir | 2 | 2.758.300.515 | 2.985.550.893 |
